



Lagt fyrir 384.Fund Velferðarráðs Reykjaneshæjar 12. febrúar 2020

Mál nr. 2020021100

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð Reykjaneshæjar

Sendandi: María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar

Efni: Heimilisofbeldi á árunum 2015-2019

Samstarfsverkefnið milli Lögreglustjórans á Suðurnesjum og félagsþjónustu sveitarfélaga á Suðurnesjum varðandi heimilisofbeldi hófst 1. febrúar 2013 sem fékk nafnið **Að halda glugganum opnum**. Eitt af markmiðum verkefnisins var að koma skýrum skilaboðum út í samfélagið um að ofbeldi á heimilum verður ekki liðið og að auka þjónustu við þolendur heimilisofbeldis ásamt styrkja rannsóknarþáttinn hjá lögreglu. Samstarfið milli Lögreglustjórans á Suðurnesjum og félagsþjónustur á Suðurnesjum hefur verið mjög gott, þróun á verklagi hefur verið á tímabilinu ásamt reglulegum samráðsfundum

Á árunum 2015 til 2019 hafa alls 188 heimilisofbeldismál komið upp hjá lögreglunni á Suðurnesjum í Reykjaneshæ. Engin börn á heimili voru í 77 málum af 188. Í 89% mála var meintur gerandi karlkyns og 79% mála var brotþoli kvenkyns.

Algengasti aldur meints geranda var á bilinu 21-30 ára eða í 48 málum næst þar á eftir var aldursbilið 31-40 ára og það sama var með aldur brotþola. Tengslin milli meints geranda og brotþola var algengast að einstaklingar væru í hjónabandi/sambúð. Varðandi þjóðerni þá voru flestir Íslendingar meints geranda í 136 málum af 188 og því næst Pólverjar í 25 málum af 188. Varðandi brotþola þá var algengast að þeir voru Íslendingar í 139 málum af 188 og því næst Pólverjar í 26 málum af 188.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum er að yfirfara öll mál frá 1. janúar 2018 og ofangreind tölfræði getur því tekið breytingum við þá yfirferð.